

Ed. **168. Frumvarp til laga** [82. mál]
um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauð-
fjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á milli 1. og 2. málsg. 7. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt að-
gangi að beitolöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda,
sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upp-
rekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjár-
sjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins
ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku
áður í landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.